

Kennari:
Lísa Mjöll og Kormákur

Kennslufyrirkomulag:
Verkleg og bókleg kennsla inn í bekk og í náttúrufræðistofu

Tímafjöldi:
6 kennslustundir

Bekkur:
1. og 2. bekkur

Vísindi

Megintilgangur vísindasmiðju er að nemendur kynnist og fræðist um hinn spennandi heim vísinda og sköpunar. Að nemendur taki virkan þátt og öðlist nýja þekkingu á spennandi og merkingabæran hátt. Vísinda- og tæknismiðja tengir saman verklega vinnu náttúrugreina og hina ýmsu tækni. Tenging á milli þessara þátta er nær en oft er talið. Nemendur þurfa að átta sig annars vegar á að þekking verður ekki eingöngu byggð á beinum athugunum heldur líka á upplifun, ímyndunarafli og sköpun og hins vegar, að vísindaleg þekking er aldrei algild, endanleg eða óyggjandi. Nemandi þarf að fá tækifæri til að upplifa, skoða náttúruna og tækni og læra að veita athygli, afla, vinna úr og miðla upplýsingum úr heimildum og athugunum en jafnframt að treysta á forvitni sína, til að þetta takist.

Áhersla er lögð á að nemendur geti farið eftir einföldum leiðbeiningum við vísindaleg vinnubrögð ásamt því að kynnast hinum margbreytilega heimi tækninnar.

Vísindasmiðja

Námsþættir:	Námsefni:	Hæfniviðmið: <i>Að nemandi geti:</i>	Leiðir:
Efnafræði Tæki og áhöld tilrauna Vísindaleg vinnubrögð	Mæliglös Vogir og bikarglös Fráhrindandi efni Þéttleiki efna	<ul style="list-style-type: none">- sýnt frumkvæði og tekið þátt í samvinnuverkefnum undir leiðsögn- tengt vísindaleg vinnubrögð við vinnuferli tilrauna og athugana- framkvæmt einfaldar athuganir og tilraunir- tekið þátt í umræðum- sýnt kurteisi og virðingu í samskiptum- farið eftir fyrirmælum	Hópavinna Einstaklingsvinna Sýnikennsla Leiðsögn
Námsmat:	Námsframvinda og hæfni nemenda metin í lok hvers smiðjuhóps.		

Námsmat

Námsmat Stapaskóla fer fram með leiðsagnar- og símati. Lögð er áhersla á að nemendur séu sífellt að bæta við sig þekkingu og leikni og öðlist þannig ákveðna færni. Tekið er mið af Aðalnámsskrá grunnskóla í öllum greinum. Fyrir lokið verkefni er ekki gefin einkunn heldur er lagt mat á hæfni nemandans og gefið fyrir stöðuna í þeim hæfniviðmiðum sem liggja til grundvallar verkefninu.

Til þess að meta hvert hæfniviðmið fyrir sig er notast við hæfnitákn sem má sjá hér til hliðar.

- **Framúrskarandi:** ef nemandi hefur náð hæfniviðmiði og sýnt getu *umfram* þá hæfni sem viðmiðið setur
- **Hæfni náð:** ef nemandi hefur náð hæfniviðmiði
- **Á góðri leið:** ef nemandi er nálægt því að ná hæfniviðmiði en enn vantar þó aðeins upp á
- **Þarfnast þjálfunar:** ef nemandi þarfnast frekari þjálfunar til að ná hæfniviðmiði
- **Lokið:** nemandi hefur lokið við verkefni
- **Ólokið:** nemandi hefur ekki lokið við né skilað verkefni
- **Undanþága:** nemendi hefur undanþágu frá verkefni af einhverjum ástæðum

	Framúrskarandi
	Hæfni náð
	Á góðri leið
	Þarfnast þjálfunar
	Lokið
	Ólokið
	Undanþága